

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breyting á deiliskipulagi. Þingeyri, miðbær og hafnarsvæði.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur á lóð Sjávangötu 16 stækkar í suðaustur.

Breyting á deiliskipulagi. Flateyri, 1. áfangi.

Breytingin felur í sér sameiningu lóða við Vallargötu 3B og 5 í eina lóð, Vallargötu 5. Lóðin er fyrir eitt parhús, nú að Vallargötu 3B. Ekki er fyrirhugað að byggja frekar á lóð Vallargötu 5.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 18. nóvember 2020.

Heiða Jack skipulagsfulltrúi.